

## Hver var Baruch Spinoza?

Baruch Spinoza (Baruch Despinoza, Benedictus Spinoza, Benedict Spinoza, Benedito de Espinosa) lifði róstusamlega og viðsjárverða tíma. Hin gamla evrópska heimsskipan var á hverfanda hveli. Þrjátíu ára stríðið geisaði enn í álfunni og borgarastyrjöld í Englandi. Englendingar og Frakkar gerðu innrás í Holland á seinni hluta sautjándu aldar (1672) og hernámu landið. Kaþólska kirkjan barðist fyrir lífinu sínu og sannleikanum. Villutrúarmenn af ýmsu tagi voru hundeltir; bannfærðir, pyntaðir og brenndir, þvingaðir til að kasta trú sinni, bækur þeirra voru brenndar eða bannaðar.

Sæfarar höfðu fundið „ný“ lönd í vestri og suðri. Heimurinn hafði stækkað og gefið ævintýramönnum og höndlurum ný og fleiri tækifæri. Ný stétt borgara kvaddi sér hljóðs og blés til atlögu gegn aðli og kirkju. Nýjar hugmyndir um Guð, heiminn og fólkið í honum voru kynntar til sögu. Heimurinn var í deiglunni. Hann þurfti að steypa í nýtt mót. Holland og var griðland þeirra, sem þorðu að stíga á stokk; þar á meðal franski heimspekingurinn, René Descartes, og bresku spekingarnir Thomas Hobbes og John Locke.

Baruch Spinoza var í heiminn borinn í Amsterdam 1632. Hann lést í sömu borg einungis fjórtíu og fimm ára gamall. Foreldrar hans, sem voru Gyðingar, flýðu frá Portúgal undan kristna rannsóknarréttinum. Atla segist svo frá:

„Fjölskylda Spinoza tilheyrði samfélagi hollenskra Gyðinga sem höfðu flúið undan ofsóknum yfirvalda í Portúgal og á Spáni þar sem menn voru handteknir fyrir að vera í hreinni skyrtu á laugardögum og borða grunsamlega lítið svínakjöt.“ Atli Harðarson. Frelsi sem dygð og frjálsmannleg samfélagsskipan. *Hugur*, 16. árg. Rvk. 2004)

B. Spinoza tók trú foreldra sinna. Faðir hans var þrígiftur. Mörg systkina B. Spinoza dóu í æsku. Móðir hans var spænsk. Hún lést, áður en B. Spinoza varð fullra sex ára. Eftir lát föður síns, snemma á þrítugsaldri, höfðaði hann mál á hendur systur sinni sökum ósættis um arf. Hann lét systur sinni eftir arfinn.

B. Spinoza hlaut venjubundið, gyðinglegt uppeldi og var snemma settur til náms. Leiðtogar hins gyðingalega safnaðar sáu í honum leiðtogaefni. En B. Baruch sýndi snemma, að hann var ekki við eina fjölinna felldur í trúmálum. Trúarleiðtogarnir surfu til stáls, en B. Spinoza reyndist ódeigur og gerði kröfu um að fara eigin leiðir í trú og fræðum. Honum var því útskúfað úr samfélagi Gyðinga. En áður en að því kom var honum veitt banatilræði með hnífi. Ofbeldismaðurinn lá honum á hálsi fyrir villutrú. Því má skilja, að B. Spinoza hafi verið knúinn þörf til að ná tókum á geðshræringum, þráð frið og öryggi, leitað ástar og sannleika.

B. Spinoza lagði stund á sjónglerjaslípun, gerð smásjáa og sjónauka. Iðn þessi dugði honum þó ekki til framfærslu. Því dró hann fram lífið að nokkru leyti á samskotum velunnara. Hann seldi heimspekiðkun sína aldrei undir hagsmuni háskóla eða annarra.

Hermt er, að B. Spinoza hafi dregið sig nokkuð til hlés á þrítugsaldri. Í hnapphelduna kom hann ekki, var ei við kvenmann kenndur, og átti enga niðja. En hann blandaði geði við hóp vina, sem ástunduðu óhefðbundna, kristna guðfæði, og ýmis vísindi.

Þannig átti hann í nokkrum samskiptum við vísindamenn á borð við stjörnu- og stærðfræðinginn, Christiaan Huygens (1629-1695), líffærafræðinginn, fornfræðinginn og lækninn, Lodewijk Meyer (1629-1681), heimspekinginn og lækninn, Johannes Bouwmeester (1630-1680), líffæra- og jarðfræðinginn, Nicholas Steno (Niels Jensen - 1638-1686), heimspekinginn, Adriaan Heereboord (114-1659), heimspekinginn, Burchard de Volder (1643-1709), efnáfræðinginn, Robert Boyle, og heimspekinginn og guðfræðinginn, Henry Oldenburg (1619-1677). Hugsanlega hefur þó latínukennari B. Spinoza, guðfræðingurinn, heimspekingurinn og guðleysinginn, Franciscus van den Enden (1602-1674) haft mest áhrif á hann. Sá var talinn aðdáandi franska heimspekingsins, R. Descartes og tók þátt í samsæri gegn Loðvíki fjórtánda, konungi Franka.

B. Spinoza virðist hafa hræst í stjórn máluum. Til að mynda átti hann vingott við þrjá borgarstjóra í Amsterdam, þá Johannes van Waveren Hudde (1628-1704), Albert Burgh (1593-1647) og Conrad van Beuningen (1622-1693). B. Spinoza var sagður fylgismaður og aðdáandi Jan de Witt (1625-1672), „forsætisráðherra“ og forvígismanni hins opna samfélags með frelsi til athafna að leiðarljósi Hermt er, að B. Spinoza hafi einhverju sinni farið á fund herforingja franska setuliðsins í landi sínu í þeim erindagjörðum að leita sátta milli Franka og Hollendinga. Hann hafði víst ekki erindi sem erfiði.

B. Spinoza hafði lifandi áhuga á alls konar vísindum og stundaði rannsóknir að einhverju marki. Þekktur er sérstakur áhugi hans á kóngulóm. Ennfremur stundaði hann rannsóknir tengdar iðn sinni.

Heimspekikerfi sitt semur B. Spinoza undir áhrifum frá René Descartes (skynsemiseftling, en henni beindu flestir fornspekingar athyglinni að einnig), T. Hobbes (sjálfsbjargarhvötin, ríkismyndun), og J. Locke (ríkismyndun), N. Machiavelli (sjálfstekt, valdsréttur), Aristóteles (dyggðafraeðin, farsældin), Platón/Sókrates (barátta skynseminnar við ástríðurnar) og Stóuspekingar (Guðleg náttúra, frelsi)

Þar að auki átti hann rökræður við þýska heimspekinginn, Gottfried Wilhelm Leibniz árið 1676. Hugsanlega hafa J.-J. Rousseau (lýðræði, ríkismyndun), G.F. Nietzsche (sókn til valda) og Sigmund Freud (samband geðheilsu og siðfræði, kynorkan eða „libido“), Henri Bergson (élan vital) sótt innblástur í B. Spinoza.

B. Spinoza ritaði á latínu. Tuttugu og átta ára (1660) gaf hann út Ritgerð um guð, manninn og hamingju hans (Tractatus de Deo et homine ejusque felicitate), ári síðar Hugabót (Tractatus de intellectus emendatione), tveim árum síðar rit um reglur í heimspeki R. Descartes og sjö árum síðar (1670) Ritgerð um guðfræði og stjórnmál (Tractatus theologico-politicus). Tvö rit voru útgefin eftir andlát hans; Ritgerð um stjórnmál (Tractatus politicus) og höfuðritið, Siðfræði (Ethica). B. Spinoza gaf einungis eitt rita sinna út undir nafni. Flest rita hans voru ófullgerð og endaslepp.

Eins og gefur að skilja, er gildi B. Spinoza í sögu heimspeki og hugmynda umdeilt. Sínum augum lítur hver á silfrið. Flestum heimspekingum ber saman um, að rit hans séu óaðgengileg og torræð. Stundum virðist sem fullyrðingar hans rekist hver á annarrar horn. Sömu leiðis hefur verið leitt getum að áhrifum frá indverskri heimspeki (Vedanta). Hugsanlega hefur leið þessara áhrifa legið um Stóuspekingana.

Guðríður segir: „Textar Spinoza eru flóknir og margslungnir. Hann er þversagnakenndur eins og allir snillingar, illskiljanlegur og jafnvel óskiljanlegur á köflum. Verk hans skilja eftir sig fjölmarga túlkunarmöguleika.“ (Guðríður Lilja Grétarsdóttir. Takmörk rökvisinnar. Tilfinningalíf og ímyndunarafl í uppeldi spinozískra þegna. *Hugur*, 16. árgangur, Rvk. 2004, bls. 180-199.)

B. Spinoza lifðu kyrrlátu lífi í anda Epikúrosar og Stóuspekinga. Hann forðaðist nán tengsl við fólk, því hann vissi sem var, að þau yllu oft og tíðum áleitnum kenndum og geðshræringum, sem yllu skynseminni uppnámi.

B. Spinoza leitaði að hamingjunni. Þá leit taldi hann manninum raunar eðlislæga. Veraldleg gæði og holdlegar fýsnir stuðluðu vart að hamingju. Ei heldur hégómi eins og metnaður og heiður. Þessi sannfæring kom þó ekki í veg fyrir, að spekingurinn gæti notið þess að fá sér í pípu og sötra vín úr glasi í góðra hópi aðdáanda og vina, sem hann átti þrátt fyrir hæglátt líferni. Í Siðfræðinni ýjar hann að því, að hið gagnstæða sé jafnvel óskynsamlegt.

„Því er það, að ég staðhæfi, að hinn viti borni leyfir sér að endurnærast og ganga í endurnýjum lífdaganna við að njóta hófsamlega bragðgóðs matar og drykkjar, ilms, fegurðar grænna jurta, skreytinga, tónlistar, íþróttar, leiklistar og því um líks. Þannig má hver maður geta notið lífsins, án þess að meiða náungann.“ (Garret, D. Spinozas ethical theory 1997, s. 267-314. - Garrett, D. (ritstj.) *The Cambridge Companion to Spinoza*. Cambridge University Press, Cambridge 1997 – mín þýðing.)

Hér virðist lífsnautnamaðurinn, B. Spinoza, brýna raust sína. Og áfram heldur hann: „Það er ekkert því til fyrirstöðu, nema ef vera skyldi dapurleg hjátrú og grimmileg [...] því er það að hinn viti borni maður gleðst yfir hlutunum, þó að sjálfsögðu ekki að því marki, að hann fái óbeit á þeim. Það hefur enga gleði í för með sér.“ (Sama rit.)

Í orðanna hljóðan má lesa boðskapinn um, að meðalhófið mælist best, því um dyggðina segir hann í fyrrnefndu riti: „[...] að við skyldum sækjast eftir dyggðinni sjálfur hennar vegna, því ekkert tekur henni fram og ekkert kemur okkur betur að gagni. Þess vegna ættum við að æskja hennar.“ (Sama rit.)

Dyggðir eru þó misjafnar að gæðum. Í fyrrgreindu riti tekur B. Spinoza af öll tvímæli: „Þekking á Guði eru æstu gæði lífsins og stærst dyggða.“ (Wilson, M.D. Spinoza's theory of knowledge 1997, s. 89-141 - Garrett, D. (ritstj.) *The Cambridge Companion to Spinoza*. Cambridge University Press, Cambridge 1997 – mín þýðing.)

B. Spinoza var mjög í mun að sneypa hjá allri armæðu, una glaður við sitt. Garrett bendir á, að siðfræði B. Spinoza sé að töluverðu leyti svar við sókn meðbræðra og -systra í auð, frægð og holdlegar nautnir. Sjálfur segir hann í ritgerð um eflingu greindarinnar:

„Reynslan hafði fært mér heim sanninn um, að allt, sem að jafnaði ber fyrir í amstri dagsins, væri innantómt og einskis vert. Af þessu varð mér ljóst, að ótti minn stafaði ekki af orsökum eða hlutum sökum góðra eða slæmra eiginleika þeirra sjálfra, nema þegar þeir hrifu huga minn beinlínis. Þessi reynsla varð mér hvatning til að reyna að komast að, hvort til væru hin sönnu og greinanlegu gæði, sem væru búin þeim eiginleika að hrífa hugann að öllu leyti og samtímis stugga öðru á brott. Mér lék

forvitni á að vita, hvort öðlast mætti slík gæði og hvort þau myndu þá veita mér hina mestu gleði til allrar eilífðar.“ (Garret, D. Spinozas ethical theory 1997, s. 267-314. - Garret, D. (ritstj.) *The Cambridge Companion to Spinoza*. Cambridge University Press, Cambridge 1997 – mín þýðing.)

B. Spinoza var vináttan afar hugleikin rétt eins og fyrirrennara hans, Aristótelesi. Í bréfi til vinar síns, Villem van Blijenburgh, þann fimmta janúar á því Herrans árið 1665, lofsyngur hann vináttuna:

„Því af öllum hlutum sem standa utan míns valdsviðs er ekkert sem ég hef meira í hávegum en að hlotnast sá heiður að bindast vinaböndum fólki sem af einlægni elskar sannleika. Því ég trúi að við af öllum hlutum handan valds okkar sé ekkert í heiminum sem við getum elskað í rósemd nema slíkir menn. Þar eð sú ást er byggð á ástinni sem hver þeirra hefur fyrir þekkingu á sannleika er jafn ómögulegt að leysa upp ástina sem slíkir menn bera hver í annars garð og að synja sannleikanum móttöku þegar hann hefur á annað borð verið handleikinn. Ennfremur er hún hið mesta og ánægjulegasta sem finna má meðal þeirra hluta sem eru ekki í okkar valdi; þar eð ekkert nema sannleikur getur sameinað ólík sjónarmið og skapgerðir.“ (Guðríður Lilja Grétarsdóttir. Takmörk rökvisinnar. Tilfinningalíf og ímyndunarafl í uppeldi spinozískra þegna. *Hugur*, 16. árgangur, Rvk. 2004, bls. 180-199.)

Beiting skynseminnar var að dómi B. Spinoza leiðin til betra lífs og farsældar í anda Aristótelesar. Skynsemina taldi hann þó ekki getað beislað og tamið tilfinningarnar nægilega – eða drottnað yfir þeim. Ein tegund þeirra var í leyni, ef svo má segja, létu ekki á sér kræla, voru óvirkar. Hins voru hinar sjáanlegu kenndir, hinar virku, aðgengilegar skynseminni. En þó! Tækist að grafast fyrir um orsakir hinna duldu tilfinningar, mætti umbreyta henni, skoða í skynsemiljósinu og koma böndum á.

Þrátt fyrir þær truflanir, er stöfuðu af tilfinningum alla jafnan, taldi B. Spinoza engu að síður, að góðar tilfinningar gætu orðið hvati til leitarinnar að sannleikanum, iðkun ástarspektarinnar. Því fengu þær góðan hljómgrunn í kenningasmíðinni. Ástarspektin er, þegar öllu er á botninn hvolft, ástin á hinum mikla skapara, Guði sjálfum, sem hefur tekið sér bólfestu í náttúrunni og afbrigði hennar, manninum. Ástin er fólgin í því að ráða í leyndardóma hans og torráðnu háttu. Í Guðsástinni eru fólgin hin æðstu gæði, sem manninum geta hlotnast – tilbrigði við forngrískt stef.

Í eðli mannsins á bólfestu sjálf kveikja lífsins, lífsorkan eða gróandin (conatus), tilhneiging til þroskunar og varðveislu lífsins. Því leitar maðurinn hinna eiginlegu lífsgæða, vinnur úr vondri reynslu eða bægir henni frá sér. Góðar tilfinningar geta aftur á móti aukið manninum mátt og lífslöngun. Maðurinn leitar eðli sínu samkvæmt fullkomunnar sem vera eða verund.

Í Siðfræðinni tekur B. Spinoza svo til orða: „[...] þegar hugurinn ímyndar sér þá hluti, sem draga úr eða halda aftur af athafnamætti líkamans, leitast hann við, að svo miklu leyti sem hann getur, að rifja upp þá hluti sem útiloka tilvist þeirra.“ (Koivuniemi, M. Í kóngulóarvefnum. *Hugur*, 16. árgangur, Rvk. 2004, bls. 200-228.)

B. Spinoza áréttar frekar: „Við sækjumst eftir hverju einu því, sem veitir okkur ánægju, en forðumst eða tortímum því, sem leiðir til hins gagnstæða, drungans.“ Á öðrum stað hnykkir hann á gildi sjálfsbjargarhvatarinnar: „Það er hverjum og einum

markmið í sjálfu sér að stuðla að vexti og viðgangi sjálfs sín.“ (Rocca, Michael della. 1997, s. 192-266. - Garrett, D. (ritstj.) *The Cambridge Companion to Spinoza*. Cambridge University Press, Cambridge 1997 – mín þýðing.)

Það er engin mótsögn millum sjálfsástar og skynsemin. Í Siðfræðinni leggur B. Spinoza áherslu á einmitt þetta: „Þar eð skynsemin krefst einskis í blóra við náttúruna, liggur í hlutarins eðli, að hver og einn unni sjálfum sér, skari eld að eigin köku og beini sjónum að því, sem honum að gagni mætti koma. Maður leitar þess, sem verða má honum til frekari framdráttar og skyldi leitast við að hlynna að sjálfum sér eins og kostur er. Vissulega er hér um nauðsynlegan sannleik að ræða á sama hátt og vefurinn er margþættari en nemur einum þræði hans.“ (Garret, D. Spinozas ethical theory 1997, s. 267-314. - Garrett, D. (ritstj.) *The Cambridge Companion to Spinoza*. Cambridge University Press, Cambridge 1997 – mín þýðing.)

B. Spinoza aðhyllist lífið í heimspeki sinni; vonina, þrána, þroskann og frelsið, þ.e. frelsi frá nauð ofríkis ótaminna ástríðna, blekkinga, tálsýna, ásamt vonskunni í samneyti fólks og ójafnræðis í stjórnarháttum. Deleuze segir til að mynda:

„Vissulega má finna heimspeki „lífsins“ hjá Spinoza: hún felst einmitt í því að deila á hvaðeina sem myndar gjá milli okkar og lífsins, það er að segja hvers kyns handanverandi gildi sem beinast gegn lífinu og tengjast skilyrðum og tálsýnum vitundar okkar.“ (Deluze, G. Hvernig siðfræðin greinir sig frá hvers kyns siðferði. *Hugur*, 16. árgangur, Rvk. 2004, bls. 170-179.)

B. Spinoza lagði ríka áherslu á frelsi til hugsunar og tjáningar við fræðaiðkun, í trú og stjórnámum. Slíkt frelsi og umburðarlyndi voru kjarni góðs samneytis við aðra menn. „Það er erfitt að gera sér í huglund öflugri og ástríðufyllri vörn fyrir frelsi og umburðarlyndi.“ (*Stanford Encyclopedia of Philosophy*, <http://plato.stanford.edu/cgi-bin/encyclopedia/archinfo.cgi?entry=spinoza>, lesið 24. feb. 2013 – mín þýðing.)

B. Spinoza kvaddi sér hljóðs um rétt allra manna til sjálfsvalds og sjálfræðis. Í ljósi skynseminnar sæju þeir nauðsyn þess, að komast að samkomulagi um hyggilega stjórnun. Ákveðið framsal sjálfsvaldsins væri í því sambandi óhjákvæmilegt, án þess að afsala sér réttindum. Í ritgerð um guðfræði og stjórnám leggur B. Spinoza áherslu á þetta:

„Í lýðræði „afsalar enginn sér náttúrulegum réttindum, án þess að áskilja sér framtíðarsamráð. Hlutaðeigandi fer fremur þá leið að afsala sér þeim til meirihlutans í samfélaginu. Hann er einn hluta þess.“ (Curley, Edwin. Kissinger, Spinoza and Gengis Kahn 1997, s. 315-342. - Garrett, D. (ritstj.) *The Cambridge Companion to Spinoza*. Cambridge University Press, Cambridge 1997 – mín þýðing.)

Garrett orðar hugsjón B. Spinoza þannig: „Andstætt við samtímaspekinga endurspeglar leit Baruch Spinoza skilning á lögmálum náttúrunnar (sem einnig má lýsa sem „þekkingu á Guði“), hinnar ædstu dyggðar, hinnar eilífu velþóknunar. Kjarni siðfræði hans er iðkun vísinda fremur en siðfræði mótuð af þekkingu. Í siðferðilegri hugsýn hans auðvelda vísindin okkur að lifa og hrærast í samfélagi friðsemdar og góðra siða, þar gleðjast menn yfir velgengni og árangri sveitungans án þess, að truflunar gæti af veikleikum meðreiðarfólks.“ (Garret, D. Spinozas ethical theory

1997, s. 267-314. - Garrett, D. (ritstj.) *The Cambridge Companion to Spinoza*. Cambridge University Press, Cambridge 1997 – mín þýðing.)

En engu að síður er réttur einstaklings skýlaus. Í nefndri ritgerð staðhæfir B. Spinoza: „Sérhver maður, eingöngu í valdi náttúru sinnar, hvort heldur hann lætur stjórnast af almennri skynsemi ellegar þrá, hefur frá náttúrunnar hendi óskoraðan rétt til afla sér þess, sem hann ágirnist, með öllum tiltækum ráðum; svo sem með bón eða valdbeitingu eða svikum, telji hann sér það til framdráttar.“ (áðurgreind Stanford Encyclopedia of Philosophy).

Það er trúlega vegna staðhæfinga á borð við þessa, að B. Spinoza er talinn undir meiri áhrifum frá ítalska stjórnspekingnum, Nicolo Machiavelli, en nokkur samtímaspekinga hans.

Fær má rök að því, að þekkingarfræði B. Spinoza snúist um það fremur öðru að finna svör við því, hvernig megi finna ráð gegn hugarburði, falsi og efa. B. Spinoza taldi fjórar leiðir til þekkingar. Þær endurspeglar ýmist almennt hyggjuvit, þ.e. að læra af umtali og reynslu, eða forngríska speki, þ.e. annars vegar rökhendur Aristótelesar og hins vegar „sýndarspeki“ Stóumanna. En hana þágu rökhyggjufélagarnir, B. Spinoza og R. Descartes, að láni frá Stóuspekingunum. Án skýrra sýnda sækti þekkingarleitinn í far efahyggjumanna, en samkvæmt þeim væri engin örugg þekking til.

Eins og margt annað í speki B. Spinoza er þekkingarfræði hans samtíningur héðan og þaðan. Wilson bendir á þetta: „Þekkingarfræði Spinoza er undarlegur bræðingur. Í þessum óaðskiljanlega þætti heimspeki hans hrærast saman skýrar og frumlegar hugmyndir (jafnvel órar), hvort tveggja undir „nú tímalegum“ áhrifum – oft og tíðum úr smiðju Descartes - og innblæstri úr fræðum liðinna alda.“ (Wilson, M.D. Spinoza's theory of knowledge 1997, s. 89-141 - Garrett, D. (ritstj.) *The Cambridge Companion to Spinoza*. Cambridge University Press, Cambridge 1997 – mín þýðing.)

Lögmál skynjunarinnar búa í mönnunum sjálfum. Í bréfi til Bouwmeeter úskýrir B. Spinoza: „Þess vegna ber skilninginn að þeim brunni, að skynjanir eigi sér einvörðungu upptök „,í ákveðnum, óbifanlegum lögmálum náttúrunnar, þ.e. af því afli, er býr innra með okkur. Því er nefnilega ekki svo háttáð, að skynjanir stafi af tilviljunarkenndum orsökum, enda þótt þær séu þekktar, heldur skýrast þær af óhagganlegum náttúrulegum lögmálum, hulin sjónum okkar, framandi eðli voru og ekki á voru valdi. Hvað snertir [aðrar kenndir], geri ég mér grein fyrir, að þær séu að öllu leyti tilviljunum háðar.““ (Gabbey, A. Spinoza's natural science and methodology 1997, s. 142-191. - Garrett, D. (ritstj.) *The Cambridge Companion to Spinoza*. Cambridge University Press, Cambridge 1997 – mín þýðing.) (Perception, sensation.)

Í ljósi þess, er að framan greinir, kemur varla á óvart, að Guð komi við sögu í þessu efni. Í Siðfræðinni ritar B. Spinoza um nám, greind og skynjun (cognition, knowledge, learning, perception, sensation, intelligence):

„Á hverju einu því, sem kynni að eiga sér stað í þeim hlut, er hugtakið (hugmyndin) nær yfir, kann Guð einn skil, að svo miklu leyti sem honum er hugtakið ljóst.“ Og: „Þar af leiðandi flýtur, að mannshugurinn er hluti hinnar ótakmörkuðu greindar Guðs. Þegar skynjanir ber á góma er kjarni máls þess vegna, að Guð býr yfir hugtökunum.

Hér á óendanleikinn ekki aðeins hlut að máli, því Guð birtist í eðli mannsins, er skapari kjarna mannshugans.“

Því er það svo, að „þegar við komust svo að orði, að Guð búi yfir hinu og þessu hugtakinu, ekki aðeins í ljósi þess, að hann hefur skapað kjarna mannshugans, heldur einnig með tilliti til þess, að hann búi yfir öðru hugtaki jafnhliða, þar að skilja sem svo, að mannshugurinn hafi takmarkaða skynjun eða skynji aðeins eina hlið hlutarins.“

Því má skilja, að „sannar eru allar hugmyndir, sem eiga sér skírskotun til Guðs,“ og að „þeim, er býr yfir sönnu hugtaki (hugmynd) er ljóst, að svo sé, að sannleiksgildi þess sé engum vafa undirorpið.“ Áður hefur Spinoza í umgetnu verki slegið fast, að „[l]íkami og sál [sé] eitt og hið sama.“ Engu að síður hyggst hann skoða „[...] varanleika hugans án tillits til holdsins.“ Þetta er hugsanlega ein þverstæðanna í skrifum þessa mikla spekings. (Wilson, M.D. Spinoza's theory of knowledge 1997, s. 89-141 - Garrett, D. (ritstj.) *The Cambridge Companion to Spinoza*. Cambridge University Press, Cambridge 1997 – mín þýðing.)

B. Spinoza gerði sér mat úr algyðishugtaki og frummyndahugsun Platons og Stóuspekinga. Guð er samrunninn náttúrunni, hann er upphafið, hin mikla undirstaða, sem er sjálfstýrð og sjálflyós. Hann býr í öllu sköpunarverkinu. Og hvað manninn varðar býr hann í því holdlega (rúmtakinu) jafnt og í hinu andlega (hugsun). Rúmtak og hugsun eru tvær hliðar á sömu mynt. Í Siðfræðinni farast honum svo orð: „Hvaðeina á sér bólfestu í Guði, ekkert á sér tilveru án Guðs og ekkert er skiljanlegt án hans.“ Hann kveður að: „Í náttúrunni er ekkert tilviljunum háð, heldur er tilvist allra hluta ákveðin af hinni æðri náttúru og hefur áhrif eðli sínu samkvæmt.“ (Garret, D. (c) Spinozas ethical theory 1997, s. 267-314. - Garrett, D. (ritstj.) *The Cambridge Companion to Spinoza*. Cambridge University Press, Cambridge 1997 – mín þýðing.) Þetta er nefnt samhverfu – eða samsvörunarkenning.

Franski heimspekingurinn, René Descartes, hafði skilið sundur líkama og sál, rétt eins og Platon mörgum öldum fyrr. SB aðhyllist í þessu efni meginhugsun Aristótelsar í þessu efni, þ.e. líkama (rúmtak) og sál fylgjast að, tvær hliðar á sömu mynd. Í siðfræðinni segir BS:

„[A]ð Hugur og Líkama séu einn og sami hluturinn, sem er hugsaður ýmist undir einkunn Hugsunarinnar eða Rúmtaksins. Af þeim sökum er röð eða tengsl hlutanna aðeins ein, hvort sem náttúran er hugsuð undir þessari eða hinni einkunninni, og þar af leiðandi fylgir röð athafna og ástríðna Líkama vors eðli sínu samkvæmt röð athafna og ástríðna Hugans:...” ( Siðfræði 3.hluti, þýtt af Gunnari Á. Harðarsyni, Námskeið í nýaldarheimspeki HÍ vor 2013):

Og BS útskýrir frekar: „En þetta allt sýnir svo ekki verður um villst, að ákvarðanir Hugans jafnt sem hvatir og virkni Líkamans eru sama eðlis, eða öllu heldur eru einn og sami hluturinn, sem við köllum ákvörðun, þegar hann er skoðaður undir einkunn Hugsunarinnar og skýrður út frá henni, en þegar við skoðum hann undir einkunn Rúmtaksins og út frá lögmálum hreyfingar og kyrrstöðu, köllum við hann nauðsyn; ...“ ( Siðfræði 3.hluti, þýtt af Gunnari Á. Harðarsyni, Námskeið í nýaldarheimspeki HÍ vor 2013):

BS skyggnist djúpt í mannssálina, skoðar myrkviði hennar, driffjaðrir hugsana, hátternis og tilfinninga. Hann leggur drög að hugtaki um dulvitund (unconsciousness, consciousness, psychodynamics, dynamics):

„[Þ]á væri það vissulega mun farsælla í mannlegum málefnum ef það væri jafnt í mannlegu valdi að þegja og að tala. En reynslan kennir nógsamlega að það er ekkert sem mennirnir hafa síður á valdi sínu en tunguna og geta fátt temprað síður en langanir sínar; enda eru flestir á því að við séum aðeins frjáls að gera það sem við höfum litla löngun til, því að löngun til þeirra hluta má auðveldlega halda í skefjum með minningu annars hlutar, sem við minnumst oftast; en sjaldnast þeim, sem við þráum af miklum ákafa, og ekki er hægt að bæla með minningu annars hlutar. Því að ef við hefðum ekki reynslu af því að við gerum margt, sem við síðar sjáum eftir, og sjáum oft hið betra en fylgjum því verra, þ.e. þegar við erum undirorpin andstæðum tilfinningum, þá væri ekkert í vegi fyrir því að við tryðum því að við breytum algerlega frjálst. Þannig trúir barnið því að það sé frjálst að því að vilja mjólkina, reiður þjakkurinn að hann sé frjáls að því að vilja ná fram hefndum og sá uppburðarlitli að hann sé frjáls að því að vilja flóttann. Sá ölvaði trúir því að hann hafi sagt það af frjálsri ákvörðun hugans sem hann hefði viljað láta ósagt þegar runnið er af honum: Þannig trúðu brjálæðingurinn, kjaftaskjóðan, krakkinn og margir slíkir því að þau hefðu talað af frjálsri ákvörðun Hugans þegar þau gátu einfaldlega ekki haldið aftur af þeirri hvöt sem þau höfðu til að tala. Svo að reynslan sjálf kennir ekki óljósar en skynsemin að mennirnir telja sig frjálsa af þeirri sök einni að þeir eru sér meðvitaðir um athafnir sínar en þekkja ekki orsakirnar sem þær ráðast af. Og enn fremur að ákvarðanir Hugans eru ekkert annað en hvatirnar sjálfar, sem eru þess vegna ólíkar eftir ólíku ástandi Líkamans. Hver og einn hagar sér eftir eigin hvötum og þeir sem eru undirorpnir andstæðum ástríðum, þeir vita ekki hvað þeir vilja; en þeir sem engar hafa flökta auðveldlega hingað og þangað. (Siðfræði 3.hluti, þýtt af Gunnari Á. Harðarsyni, Námskeið í nýaldarheimspeki HÍ vor 2013):

Hvernig skal verk Baruch Spinoza vegið og metið? Eins og í dag var á sautjándu öld fátt nýtt undir sólinni. Það er erfiðleikum bundið að greina nýjar og frumlegar hugmyndir í heimspeki hans. En eins og bent er á, skrifar spekingurinn með torskiljanlegasta móti, en það mun háttur snillinga að sumra dómi. Felst gildið ef til vill í því að beita gömlum og endurhugsuðum hugtökum við ný úrlausnarefni? Sé svo, má segja, að Baruch Spinoza varpi ljósi á frelsið og náttúrlegan rétt allra manna til þess að stjórna sjálfum sér og að gera samkomulag við aðra um stjórnvald. Túlka má Guðshugtak hans á þá leið, að Guð sé lögmál náttúrunnar. Allt í veröldinni lýtur lögmálum hennar. Eðlið býður mannum að sækjast eftir þroska og hamingju. En þroskun skynseminnar er mikilvægasta forsenda hamingju og frelsis. Það er á ábyrgð mannsins að breyta eðli sínu samkvæmt. Hugsanlega er þessi boðskapur helsta framlag B. Spinoza til heimspekinnar og betra mannlífs.

Eftirfarandi kemur fram í samræðum þeirra Bryan Magee og Anthony Quinton (Bryan Magee, Saga heimspekinnar. Mál og menning, 2002, s. 118-119.):

Magee: „Ég held að hann hafi kannski verið fyrsti maðurinn í evrópski hugsun sem kom fram með þá hugmynd að það að uppgötva hverjar eru hinar huldu uppsprettur tilfinninga okkar og athafna hafi í einhverjum marktækum skilningi frelsandi áhrif jafnvel þótt það auki ekki frelsi manns bókstaflega talað. Það er frelsandi vegna þess að það gerir mann sáttan við sjálfan sig. Það losar hann við vonbrigðin – og þess vegna við reiðina og



hugarangrið sem vonbrigði valda og stafa af því að vera ofurseldur öflum sem maður skilur ekki. Það leiðir til þess að maður sættir sig við hlutina og það aftur til þess að honum finnist hann vera laus við þvingun, og þetta eykur mjög hamingju hans – já, það er galdurinn við að verða hamingjusamur. Þessi hugsun hefur skotið upp kollinum aftur og aftur í mismunandi búningi æ síðar. Sem dæmi má nefna að hún er meginatriði í hugmyndum Freuds og sálgreiningarinnar.“ (S. 108.) (Psychoanalysis, psychotherapy, therapy.)

Anthony Quinton: „Ég held þú hafir rétt fyrir þér. Eða þá að það mætti líta á viðhorf Spinoza til stöðu mannsins í heiminum sem stóískt viðhorf. Það er sú hugmynd að heimurinn kringum okkur hafi ekki sérstakan áhuga á okkur svo að við verðum að draga úr getu hans til að láta okkur þjást með því að hafa stjórn á geðhræringunum sem hann vekur með okkur [...] það felst eitthvað meira í þessu hjá Spinoza. Hann telur ekki að við getum bælt niður eða sigrast á þessum döpru og óheppilegu óvirku geðshræringum, jafnvel þótt við reynum til hins ýtrasta. Afstaða hans er sú að með því að beita vitsmununum til að öðlast skilning á heiminum getum við látið þessar geðshræringar hverfa smátt og smátt svo að hinar virku geðshræringar komi í þeirra stað. Háleitust þeirra er sú sem hann kallar „hina vitrænu ást á Guði,“ geðshræringin sem fylgir frumspekilegum skilningi, heildarskilningi á eðli alheimsins.“ (S.108-109.)